



#### TÚNGATA 7

Búið er að skila hluta af þeim nafnalista sem hvarf af skrifstofu Geðhjálpar.

## Geðhjálp Hluti gagna kom fram

**GEÐHJÁLÞ** Átökin innan Geðhjálpar magnast með degi hverjum. Aðalfundi verður framhaldið á laugardag. Samkomulag hefur tekist meðal fylkinganna að mælast til að Dögg Pálsdóttir verði fundarstjóri. Skömmu eftir aðalfundinn 31. mars hvarf umslag af skrifstofu Geðhjálpar, en í því var listi yfir nýja félagsmenn. Sveinn Magnússon leitaði til lögreglu sem sagðist ekkert aðhafast þar sem um innanhússmál væri að ræða en ekki var framið innbrot.

Óvænt kom starfsmaður stuðningsþjónustu Geðhjálpar á skrifstofu félagsins og afhenti þar lista þar sem skráður var hluti þeirra nafna sem var á listunum sem teknir voru á skrifstofu Geðhjálpar. Þessi listi var ekki skrifaður með sömu rithönd og sá sem hvarf, en eins og áður segir var þar að finna hluta þeirra nafna sem var á listunum sem hurfu. ■